

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 14. júní 2011

Rjúpnatalningar 2011

Rjúpnatalningar Náttúrufræðistofnunar Íslands vorið 2011 sýna fækkun um nær allt land. Rjúpnastofninn á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum var í hámarki vorið 2010. Fækkunin er hröð sérstaklega á Norðausturlandi þar sem stofninn helmingaðist á milli ára. Á Suður-, Suðvestur- og Vesturlandi virðist stofninn hins vegar hafa verið í hámarki vorið 2009. Þar sýna talningar nú fækkun eða kyrrstöðu 2010 til 2011. Samandregið fyrir öll talningasvæði var meðalfækkun rjúpna 26% á milli árána 2010 og 2011. Mat á veiðipoli rjúpnastofnsins mun liggja fyrir í ágúst í kjölfar mælinga á varpárangri rjúpna, afföllum 2010 til 2011 og veiði 2010.

Árlegri vortalningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á rjúpu er lokið. Talningar gengu ágætlega þrátt fyrir óhagstætt tíðarfar og voru rjúpur taldar á 43 svæðum í öllum landshlutum. Alls voru taldir 1285 karrar sem er um 2% af áætluðum heildarfjölda karra í landinu samkvæmt nýlegu stofnstærðarmati. Talið var á um 3% af grónu landi neðan 400 m hæðarlínu. Talningarnar voru unnar í samvinnu við allar náttúrustofur landsins, þjóðgarðinn á Þingvöllum, Vatnajökulsþjóðgarð, Fuglavernd, Skotvís og áhugamenn. Um 65 manns tóku þátt í talningunum að þessu sinni.


Rjúpum fækkaði um land allt 2010 til 2011. Helsta undantekningin er á friðaða svæðinu á Suðvesturlandi en þar var kyrrstaða eða aukning á sex af átta talningasvæðum.

Hámark í rjúpnafjölda um norðanvert landið var vorið 2010 og vorið 2009 um sunnan vert landið. Rjúpum fækkaði um allt land 2010 til 2011 og fækkunin er það mikil sums staðar að stofninn er kominn nærri þeim gildum sem lægst hafa mælst (1. mynd). Samandregið fyrir öll talningasvæði var fækkunin að meðaltali um 26% (miðgildið er 36%) frá 2010 til 2011.

Náttúruleg lengd stofnsveiflu íslensku rjúpunnar er um 11 ár. Stofninn var í hámarki vorið 1998 og aftur 2010 eða tólf árum síðar. Áhrif veiðibanns 2003 og 2004 flækja þessa mynd en friðunin dró verulega úr úr afföllum rjúpna og stofninn óx í kjölfarið. Lýðfræðilegar breytingar í stofninum í kjölfar friðunar voru ekki þær sömu og einkenna náttúrulega uppsveiflu. Miðað við fyrri reynslu má nú búast við að rjúpum fækki áfram í nokkur ár og að næsta hámark verði ekki fyrir en 2020 til 2022.

Íslenski rjúpnastofninn sveiflast mikið af náttúrulegum orsökum. Fyrri hluti 20. aldar einkenndist af mjög háum toppum í rjúpnahámörkum og var sá síðasti í þeirri röð árið 1955. Síðustu áratugi hefur hins vegar gætt langtímaleitni til fækkunar í stofninum. Þannig hafa rannsóknir á Norðausturlandi t.d. sýnt marktæka fækkun rjúpna 1981–2003, sem nam um 4% á ári. Meginástæða þeirrar fækkunar var að afföll fullorðinna rjúpna höfðu aukist jafnt og þétt. Í ljósi þessarar þróunar hefur Náttúrufræðistofnun á undanförunum árum lagt til að dregið yrði verulega úr rjúpnaveiðum og árið 2003 lagði stofnunin til fimm ára veiðibann. Í framhaldi af því ákvað umhverfisráðherra að friða rjúpur í þrjú ár eða til haustsins 2006, en friðuninni var aflétt haustið 2005 í kjölfar

mikillar uppsveiflu í stofninum. Rjúpnaveiðar frá 2005 hafa verið takmarkaðar frá því sem var fyrir á árum og frá haustinu 2007 hefur veiðitíminn verið 18 dagar að lengd.



1. mynd. Niðurstöður karratalninga á sex svæðum á Norðausturlandi og í Hrísey á Eyjafirði, frá 1981–2011.

Mat á veiðipoli rjúpnastofnsins mun liggja fyrir í ágúst í kjölfar mælinga á varpárangri rjúpna nú í sumar. Jafnframt munu þá liggja fyrir útreikningar á afföllum rjúpna 2010/2011 og mat á veiði 2010.

Nánari upplýsingar um ofanritað veitir Ólafur Karl Nielsen, okn@ni.is eða í sínum 5 900 500 og 843 9935

Með kveðju,
María Fanndal Birkisdóttir



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Rjúpnatalningar 2011 – Yfirlit

Svæði	Hvernig talnið	Stærð	Úrtak 2011 (karrar séðir)	Karrar/ferkm		Munur (%)	
				2010	2011		
Suðvesturland	Vöxtur milli ára, meðaltal						19%
Reykjanes	Göngusnið	133 km	33	0,33	0,68	106	
Heiðmörk	Reitatalning	4,8 ferkm	7	0,83	1,46	75	
Úlfarsfell	Reitatalning	8,0 ferkm	20	2,50	2,50	0	
Vegsnið ofan Reykjavíkur	Vegsnið	86,0 km	36	2,21	2,15	-3	
Ölfusvatn	Reitatalning	2,8 ferkm	7	2,50	2,50	0	
Mosfellsheiði, vegsnið	Vegsnið	41,0 km	7	0,74	0,47	-36	
Mosfellsheiði, göngusnið	Göngusnið	83,0 km	19	0,74	0,57	-23	
Hrafnagjá	Reitatalning	1,7 ferkm	4	1,76	2,35	33	
Vesturland	Vöxtur milli ára, meðaltal						-25%
Hundastapi	Reitatalning	4,5 ferkm	3	0,89	0,67	-25	
Litli-Langidalur	Reitatalning	1,5 ferkm	1	1,33	0,67	-50	
Skógarströnd	Reitatalning	6,3 ferkm	11	1,27	1,75	38	
Mýrar, vegsnið	Vegsnið	179,0 km	18	0,63	0,38	-40	
Dalir, vegsnið	Vegsnið	95,0 km	27	1,75	0,98	-44	
Dagverðarnes	Reitatalning	4,1 ferkm	7	2,44	1,71	-30	
Vestfirðir	Fjölgun milli ára, meðaltal						-33%
Reykhólar	Reitatalning	3,3 ferkm	33	10,30	10,0	-3	
Strandir-Djúp, vegsnið	Vegsnið	167,0 km	25	0,80	0,30	-63	
Norðvesturland	Vöxtur milli ára, meðaltal						-27%
Vestur-Hún., vegsnið	Vegsnið	197,0 km	63	2,22	0,94	-58	
Fitjárdalur	Göngusnið	104,0 km	33	1,24	1,78	44	
Blönduós	Reitatalning	6,0 km	12	8,50	2,00	-76	
Skagi, vegsnið	Vegsnið	114,0 km	40	2,46	1,13	-54	
Skagi, vegtalning	Vegtalning	52,0 km	60	1,63	1,15	-29	
Hegranes, vegsnið	Vegsnið	29,0 km	37	6,01	4,99	-17	
Hegranes, vegtalning	Vegtalning	29,0 km	60	2,59	2,07	-20	
Utanverðunes	Reitatalning	5,3 ferkm	25	7,55	4,72	-38	
Norðausturland	Vöxtur milli ára, meðaltal						-51%
Hrísey	Reitatalning	7,7 ferkm	99	24,29	12,86	-47	
Krossanesborgir	Reitatalning	1,1 ferkm	16	32,73	14,55	-56	
Birningsstaðir	Reitatalning	5,7 ferkm	26	5,96	4,56	-24	
Búrfellshraun	Reitatalning	2,5 ferkm	8	6,00	3,20	-47	
Hafursstaðir	Reitatalning	8,0 ferkm	21	5,13	2,63	-49	
Hofstaðir	Reitatalning	4,5 ferkm	14	7,78	3,11	-60	
Hóll	Reitatalning	2,4 ferkm	20	15,42	8,33	-46	
Laxamýri	Reitatalning	3,7 ferkm	15	10,00	4,05	-59	
Þistilfjörður, vegsnið	Vegsnið	27,0 km	27	5,99	2,94	-51	
Bakkafjörður, vegsnið	Vegsnið	47,0 km	21	3,25	0,89	-73	
Slétta, göngusnið	Göngusnið	43,0 km	26	5,42	1,85	-66	
Tjörnes, vegsnið	Vegsnið	36,0 km	56	10,42	4,74	-55	
Slétta, vegsnið	Vegsnið	23,0 km	23	3,42	2,19	-36	
Austurland	Vöxtur milli ára, meðaltal						-36%
Jökulsárhlið	Reitatalning	4,5 ferkm	45	14,22	10,00	-30	
Rangá	Reitatalning	6,5 ferkm	26	8,31	4,00	-52	
Hérað, vegsnið	Vegsnið	125,0 km	200	6,99	5,14	-26	
Suðausturland	Vöxtur milli ára, meðaltal						-16%
Kvísker	Reitatalning	2,1 ferkm	11	8,57	5,24	-39	
Skaftafell	Reitatalning	14,1 ferkm	14	0,92	0,99	8	
Suðurlandsundirlendi	Fækkun milli ára, meðaltal						0%
Suðurland	Vegsnið	196 km	32	1,12	1,12	0	
Karrar alls			1288				

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Reitir	113	ferkm	Meðaltal	-26%
Snið	1723	km	Miðgildi	-36%